

Ed. 963. Frumvarp til laga [430. mál]

um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar (EgJ, DA, ÞK, EKJ).

1. gr.

2. mgr. 36. gr. laganna orðist svo:

Greiðsla útflutningsbóta skal að hámarki nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar:

1987	6%
1988	5%
1989	5%
1990	5%
1991	5%
1992	5%

og gildir það uns endurskoðun skv. 38. gr. hefur farið fram.

2. gr.

2. mgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Fjármagn til verkefna skv. 1. mgr. skal nema eftirfarandi hlutföllum af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar sem ákveðið er á sama hátt og í 36. gr.:

1987	3%
1988	4%
1989	4%
1990	4%
1991	4%
1992	4%

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Að beiðni landbúnaðarráðherra er frumvarp þetta flutt til breytingar á VIII. kafla laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Eitt af meginmarkmiðum búvörlaganna var að ná á skipulegan hátt tókum á því misvægi sem skapast hafði í framleiðslu- og markaðsmálum afurða af nautgripum og sauðfé.

Vegna vaxandi umframframleiðslu þessara afurða voru birgðir mjög miklar í byrjun verðlagsársins 1985 til 1986, þ.e. í byrjun þess tímabils sem búvörolögin ná til. Um fimmtungur ársframleiðslu mjólkur var í birgðum og rúmlega 19 hundruð tonn, eða um sjötti hluti kindakjötsframleiðslunnar.

Strax við gildistöku búvörlaganna var hafist handa um samninga milli ríkisstjórnarinnar og Stéttarsambands bænda um framleiðslumagn mjólkur- og sauðfjárafurða sem ríkisstjórnin ábyrgðist bændum fullt verð fyrir. Með hliðsjón af þeirri verðábyrgð, sem ríkissjóður tekur á útfluttum landbúnaðarafurðum skv. 36. gr. laganna, var samið um að verðlagsárið 1985 til 1986 yrði ábyrgt fullt verð fyrir 107 milljónir lítra mjólkur og 12 150 tonn kindakjöts og 106 milljónir lítra mjólkur og 11 800 tonn kindakjöts verðlagsárið 1986 til 1987.

Á s.l. hausti var gerður samningur um verðábyrgð árið 1987 til 1988 fyrir samtals 105 milljónir lítra mjólkur og 11 800 tonn kindakjöts. Af því magni ber Framleiðnisjóður landbúnaðarins ábyrgð á þremur milljónum lítra mjólkur og 800 tonnum kindakjöts með leigu og uppkaupum á framleiðslurétti til sex ára en ábyrgð ríkissjóðs nær til 102 milljóna lítra mjólkur og 11 000 tonna kindakjöts.

Ekki hefði verið unnt að semja um óbreytt heildarmagn afurða sauðfjár og mjólkur frá fyrra ári en orðið að skerða framleiðslurétt bænda án þessara ákvæða.

Þá liggur fyrir samkomulagsgrundvöllur milli bænda og ríkisins um samninga er gildi út verðlagsárið 1989 til 1990, eða eins langt fram í tímann og nógildandi lagaákvæði leyfa. Í þessum samningum á með hliðarráðstöfunum að tryggja sauðfjárframleiðendum sama framleiðslurétt áfram og vinna upp þá skerðingu á framleiðslurétti mjólkurframleiðenda sem orðin er frá því sem samið var um 1985 til 1986, m.a. vegna aukinnar neyslu þessarar vöru á innanlandsmarkaði.

Við samningsgerðina eru einkum þrjú meginatriði höfð í huga:

Í fyrsta lagi að ná jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar mjólkur- og sauðfjárafurða og koma birgðastöðunni í eðlilegt horf.

Í öðru lagi að þeir möguleikar, sem eru á útrýmingu riðuveiki í landinu í tengslum við nauðsyn tímabundins samdráttar í framleiðslu kindakjöts, verði nýttir.

Í þriðja lagi að með sem skipulegastri nýtingu útflutningsbótafjár verði unnt að láta fjármuni Framleiðnisjóðs landbúnaðarins renna eingöngu til búháttabreytinga og eflingar nýrra búgreina og byggðar í landinu en ekki til þess að leysa framleiðsluvanda landbúnaðarins til skamms tíma.

Til þess að unnt verði að ná fram þessum markmiðum er nauðsynlegt að semja til lengri tíma en unnt er skv. nógildandi lögum hvað varðar fjárhagslegan stuðning ríkisins til útflutningsbóta og búháttabreytinga. Því er þetta frumvarp lagt fram sem gerir mögulega samninga milli ríkisins og Stéttarsambands bænda allt fram til ársins 1992. Jafnframt er lagt til að útflutningsbótaréttur þessara ára verði 5% af heildarverðmætum landbúnaðarafurða í stað 4% í nógildandi lögum. Með því yrði unnt að leysa birgðavanda landbúnaðarins á tímabilinu og koma í veg fyrir að Framleiðnisjóður verði að taka á sig frekari skuldbindingar en orðið er vegna framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða. Jafnframt skapar það möguleika á að gera samninga við bændur vegna útrýmingar riðuveiki samhliða því að leysa framleiðslu- og birgðavanda í sauðfjárframleiðslunni á þessu árabili.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögfest verði að árlegar greiðslur útflutningsbóta skuli að hámarki nema 5% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar hvert árána 1990 til 1992, og gildi það uns endurskoðun skv. 38. gr. hefur farið fram.

Um 2. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að fjármagn til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins skuli nema 4% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar hvert árána 1990 til 1992 til verkefna skv. 37. gr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.